

6. Spurning - Stafarugl

Í stafaruglinu hér fyrir neðan er búið að koma fyrir 10 orðum sem tengjast jarðskjálftum og eldgosum. Orðin geta verið skrifuð íóðrétt eða lárétt, afturábak eða áfram. Finndu orðin!

Jarðskjálfti – Kvika – Landsig – Megineldstöð – Sprunga –
Hraun – Jarðskorpa – Gjóska – Richter – Flekaskil

J	A	R	Ð	S	K	J	Á	L	F	T	I	M
S	B	H	Ö	S	U	P	Ð	A	R	T	B	N
G	T	A	T	M	G	J	Ó	S	K	A	T	Y
I	E	K	S	N	T	A	I	L	V	T	J	Æ
S	U	L	D	B	H	R	A	U	N	E	R	V
D	M	L	L	I	Æ	Ð	X	B	U	N	M	
N	F	L	E	K	A	S	K	I	L	O	P	Ð
A	R	T	N	V	O	K	V	B	E	D	F	V
L	F	A	I	I	L	O	S	E	U	R	L	K
A	R	T	G	K	D	R	E	T	H	C	I	R
D	V	B	E	A	S	P	R	U	N	G	A	M
I	L	M	O	P	A	R	R	T	B	L	Æ	


“Fræðsluskjálfti”

Jarðskjálftaverkefni handa grunnskólanemum.
Samstarfsverkefni Skjálftaseturs á Kópaskeri og Gljúfrastofu í
Asbyrgi með aðstoð kennara í Öxafjarðarskóla.

Verkefni til að leysa í Gljúfrastofu

Svörin við flestum spurningunum má finna á sýningunni

Nemandi: _____



Dragðu hring utan um rétt svör.

1. Spurning

Í gegnum Ísland liggja flekaskil. Á hverju ári færast flekarnir í átt frá hvor öðrum. Hversu hratt færast þeir frá hvor öðrum á einu ári? *Vísbanding:* *Hversu mikið vex mannsnögl á einu ári?*


- a) 2 m
- b) 2 cm
- c) 20 cm

2. Spurning

Kortið hér fyrir neðan sýnir flekaskilin á Íslandi. Merktu inn á með **hring** hvar á Íslandi flekarnir **færast hvor frá öðrum**. Merktu síðan með **krossi** hvar á Íslandi **flekarnir nuddast við hvorn annan**.

Hvar verða sterkustu jarðskjálftarnir á Íslandi?

- a) Þar sem flekarnir færast hvor frá öðrum (t.d. undir Vatnajökli)
- b) Lengst frá flekaskilunum (á Vestfjörðum og Austurlandi)
- c) Þar sem flekarnir nuddast við hvorn annan (t.d. við Kópasker).



3. Spurning

Á Norðurlandi eru nokkrar eldstöðvar. Út frá þeim liggja sprungukerfi. Hvað liggja mörg sprungukerfi norður í Öxarfjörð? Við hvaða staði eru þau kennd?

- a) 4: Þeistareykir, Krafla, Fremri-Námur, Hekla
- b) 4: Þeistareykir, Krafla, Fremri-Námur, Askja
- c) 3: Þeistareykjir, Krafla og Hekla

4. Spurning

Fyrir um 200 milljónum ára er talið að öll meginlöndin hafi legið saman og myndað eitt stór land. Þetta land fékk nafnið Pangæa. Á myndinni hér fyrir neðan er mynd af Pangæa og útlínur meginlandanna sýndar. Tengdu nöfn meginlandanna við rétt land á myndinni. *(Athugið að útlínurnar eru ekki sambærilega við útlínur meginlandanna eins og við þekkjum þau í dag).*



N-Ameríka
S- Ameríka
Evrópa
Afríka
Indland
Ástralía
Suðurskautslandið

5. Spurning

Hvað eru 200 milljón ár langur tími?

Ef við gefum okkur að 1 ár sé 1 millimetri (1 ár = 1 mm) þá eru 200 milljón ár jafnt og 200 milljón millimetra. Það er það sama og 200 km.

Frá Húsavík til Kópaskers eru tæplega 100 km. Ef þú mátt færa þig um 1 mm á ári, hvað værir þú mörg ár að komast frá Húsavík til Kópaskers?

- a) 100 milljón ár
- b) 1000 ár
- c) 100 ár